

37. 10. apríl. 2. að styrkurinn sje veittur til þess, að þau taki þátt í æfingum í sjúkfa-medferð (clinisk cursus) á fæðingastofnuninni, og til þess, að þau kynni sjer sjúkrahús og lyfjabúðir þar í staðnum, og stendur á sama, á hverju af þessu fyrst er byrjað.

3. að upphæð mánaðarstyrksins sje ákveðin til 50 kr., sem greiðist fyrirfram hinn, 1. dag í hverjum mánuði og ekki nema fyrir 1 mánuð í senn.

4. að styrkurinn, ef nægilegt fje er veitt til þess og ákvörðun fjárveitingarinnar leyfir það, venjulega veitist af háskólaráðinu fyrir 8 mánuði, en geti þó fengizt fyrir lengri tíma, eptir tillögum umsjónarmanns og með ofannefndu skilyrði.

5. að háskólaráðið setji umsjónarmann (ephorus), sem liti eptir, að læknaefnin noti dvöl sína í Kaupmannahöfn eins og til er ætlast, og að öðru leyti aðstodi þau með ráðum og leiðbeiningu, beiðist, að fenginni vissu fyrir að hlutaðeigendur einatt gæti þess, sem til er ætlast af þeim, útborgunar mánaðarstyrksins handa þeim frá gjaldkera háskólans, og sendi háskólaráðinu tillögur sínar, þegar svö stendur á, að styrksins er beiðizt um lengri tíma en hina venjulegu 8 mánuði og hann er orðinn þess visari, að nægilegt fje sje fyrir hendi.

Jafnframt því að tjá stiptsysfrvöldunum hið framanritaða til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal jeg geta þess, að læknaefni, er fara hjeðan til Kaupmannahafnar til að leita sjer hinnar lögboðnu kennslu á fæðingarstofnuninni, muni samkvæmt fyrir-mælum ráðgjafans eptirleiðis að eins fá ávísað hjer af styrki þeim, sem ákveðinn er með konungsrúrskurði frá 21. oktbr. 1871, 150 kr. til að standast kostnaðinn við þessa ferð, en að þau eigi von á að fá áþekkan ferðastyrk útborgaðan í Kaupmannahöfn, er þau að loknu námi fara heim aptur.

38. 11. apríl. — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um eptirlit með framtali til vinfangagjalds. Út af því að sýslumaðurinn hafði getið um það, að lausakaupmaður, er beiðizt hafði endurborgunar á tolli fyrir vinföng, er leikið höfðu hiður á ferðinni hingað til landsins, hefði látið rita á tollsedilinn óvenjulega mikið af víni, sem ætlað handa skipverjunum, var brýnt fyrir sýslumanni, að honum væri skylt að hafa sterkt eptirlit á, að gjaldfrelsið fyrir vin það, sem haft er meðferðis er handa skipverjunum sjálfum, verði eigi misbrúkað til að draga vinföng, sem ætluð eru til góðgjörða handa viðskiptamönnum kaupmanna við lausakaup («spandage»), handa fiskimönnum, ef skipið er gjört út til fiskiveiða, eða handa öðrum mönnum, sem eigi verða taldir með skipverjum, undan gjaldi því, er hvílt á öllum þeim vinföngum, er flutt eru til landsins til þess að eyðast þar eða á skipum kring um strendur þess.

39. 15. apríl. — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um til-sögn í innanbæjarbúsýslu. Amtmanninum var tjáð, að Önnu Pálsdóttur Melsted hefði verið veittur áþekkur styrkur og í fyrra til þess eptir nánari samkomulagi við búnaðartjelag suðuramtsins að veita þeim, er þess kynnu að óska, tilsógn í mjólkurstörfum og annari innanbæjarbúsýslu.

40. 18. apríl. — Brjef landshöfðingja til biskups um lán til að byggja upp kirkju. — Í erindi, sem jeg meðtók með þóknalegu brjefi herra biskupsins frá 11. þ. m. og um-

1) Sjá auglýsingu 31. s. m. í Tíðindum um stjórnamálefni Íslands III 129.

mælum hlutaðeiganda prófasts, hefir hreppsnefndin í Þingeyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu skýrt frá því, að hún samkvæmt áskorun prófastsins hafi, þá er presturinn á Söndum í Dýrafirði fluttist að öðru prestakalli, tekizt á hendur að annast um endurbyggingu kirkjunnar á Söndum, og hefir hún því farið þess á leit, að nefndri kirkju verði veitt 800 króna lán, er endur borgist af hinum árlegu tekjum kirkjunnar.

Fyrir því skal yður tjáð til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar að jeg samþykki, að kirkjan á Söndum taki hið nefnda lán, þannig, að það endurborgist á hinum næstu 16 árum með 50 krónum í hvert skipti og ávaxtist með 4 af hverju hundraði þess, er eptir stendur ár hvert, uns það er að fullu endurgoldið, hvortveggi af sjóði kirkjunnar, og að því leyti sem hann kynni ekki að hrökkva til, þá af tekjum prestakallsins.

— *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um þjónustu í óveittu prestsem bætti.* — Út af því, að prestur, er um nokkur undanfarin ár hafði þjónað prestlausu náubabraudi, hafði afsalað sjer þessari þjónustu, var stiptyfirvöldunum tjáð til leiðbeiningar og ráðstafanar, að það bæði samkvæmt löggjöfni og rjettarvenjunni er skylda hins næsta prests við óveitt prestakall að þjóna því, eptir nákvæmari fyrirskipun hlutaðeigandi hjeradsprófasts og gegn endurgjaldi af tekjum embættisins.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um skýringu á 19. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar.* Eptir að alþingi í fyrra hafði vísað til landshöfðingja 2 bænarskrám frá sýslufundi á Þorbergsstöðum í Dalasýslu, og frá hreppsnefndarfundi í Miðvik í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu, um breytingu eða skýringu á 19. grein í sveitastjórnartilskipuninni frá 4. maí 1872, leitaði jeg álita hlutaðeigandi amtmanna um þessar bænarskrár. Hefi jeg síðan meðtekið álit þeirra í þóknalegam brjefum dagsettum 17. novbr. f. á. og 22. febr. þ. á., og skal því þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður, til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar það, er nú segir:

Að svo miklu leyti sem í nefndum bænarskrám hefir verið farið fram á, að lagaákvörðunum þeim, er hjer er um að ræða, verði breytt, hefir alþingi skorið úr þeim, með því að vísa þeim til landshöfðingja, því það liggur í augum uppi, að slík breyting getur ekki komizt á nema með nýju lagaböði, og er jeg alþingi samdáma um, að hún sje hvorki nauðsynleg nje hentug. Eptir því, sem hagar til hjer á landi, verður sem sje að telja það hentugt, að láta reikningsár hreppanna eptirleidis eins og hingað til ná frá fardögum til fardaga, en þá er einnig nauðsynlegt, ef reikningar hreppsins eiga að vera í lagi, og hreppsbúar hafa þann fljóta aðgang til að kynna sjer ástand hreppsins og stjórn hreppsnefndarinnar á málum hans, sem sveitarstjórnartilskipunin gjörir ráð fyrir, að hreppsnefndin fyrir fardaga semji áætlun um tekjur og gjöld hreppsins.

Miður nauðsynlegt mætti virðast, að semja, um leið og áætlunin er lögd fram, niðurgöfnunarskrá um upphæð þá, sem ætlað er að á muni vanta að fátækrafund og aðrar tekjur hreppsins hrökkvi fyrir útgjöldum, og mætti jafnvel segja, að eigi væri hægt að semja slíka skrá, áður en upphæð fátækrafundarinnar væri kunn. En við þetta er athugandi, að hreppsnefndinni er fullkomlega leyfilegt, að haga áætluninni svo, að hreppurinn eigi á hverju ári nokkuð afgangs tekjunum, er leggja megi í viðlagasjóð fyrir hreppinn og geyma annaðhvort í peningum hjá gjaldkera nefndarinnar, í sparisjóði eða á öðrum stað, þar sem hægt er að ná fjenu, ef á því þarf að halda. Sveitarstjórnartilskipunin virðist jafnvel, með því að gefa hreppsbúum gjaldfrest á sveitargjöldum til 31.